

Reglur um mætingar



Mætingareglur

- Fjarvist úr kennslustund = 2 stig
- Seint í tíma = 1 stig
- Vísað úr tíma = 2 stig
- Allir nemendur byrja með 10 í mætingareinkunn að hausti.
- Umsjónarkennarar senda foreldrum yfirlit um mætingu í Mentor mánaðarlega.

Skilgreining á seint og fjarvist:

- Seint: Ef nemandi kemur meira en 5 mínútum of seint.
- Fjarvist: Ef nemandi kemur ekki innan 20 mínútna.

Skólasóknarsamningur:

- Nemendur geta gert samning við skólastjórnendur til að hækka einkunn sína.
- Til þess þarf óaðfinnanlega mætingu á umsömdu tímabili.
- Hæsta einkunn með samningi er 8.

Mikilvægt:

- Mæting er rædd með það að markmiði að bæta hegðun, ábyrgð og áhuga nemenda.
- Nemendur fá alltaf tækifæri til að bæta ástundun.
- Meta þarf hvort nemandur í 1.–7. bekk mæti með foreldrum á fund vegna mætinga.

7 stig

Umsjónarkennari ræðir við nemanda og foreldrum sent bréf í gegnum Mentor.

15 stig

Umsjónarkennari hringir í foreldra og ræðir við nemandann, tilkynnt til skólastjórnenda.

30 stig

Fundur í skóla með umsjónarkennara, foreldrum, nemanda og skólastjórnanda.

50 stig

Nemendaverndarráð skólans tilkynnir skólasókn nemandans til Félagsþjónustu Ölfuss.

Reglur um mætingar



Leyfi

Forráðamenn verða að sækja sérstaklega um leyfi sem er lengra en þrjú dagar á þar til gerðu eyðublaði hjá skólaritara.

1. stig

8 veikinda- og/eða leyfis dagar eða 48 kennslustundir

Ef nemandi er með fleiri en 8 forfalladaga án málefnalegra skýringa, sendir umsjónarkennari ástundunarbréf til foreldra/forráðamanna og hringir heim.

2. stig

15 veikinda- og/eða leyfis dagar eða 90 kennslustundir

Ef nemandi er með fleiri en 15 forfalladaga án málefnalegra skýringa, sendir umsjónarkennari aftur ástundunarbréf til foreldra/forráðamanna og ræðir við foreldra. Ef 80% af þessum fjarvistum eru veikindadagar hringir skólahjúkrunarfræðingur heim og málið er rætt í nemendaverndarráði.

3. stig

20 veikinda- og/eða leyfis dagar eða 120 kennslustundir

Ef nemandi er með fleiri en 20 forfalladaga án málefnalegra skýringa eru málefni nemandans rædd á nemendaverndarráðsfundi og skólastjórnandi boðar foreldra til fundar ásamt umsjónarkennara og námsráðgjafa.

4. stig

30 veikinda- og/eða leyfis dagar eða 180 kennslustundir

Ef nemandi er með fleiri en 30 forfalladaga án málefnalegra skýringa tilkynnir skólastjórnandi nemendaverndarráði skólans um skólasóknina og tilkynnir málið til Félagsþjónustu Ölfuss.

Ath! Til málefnalegra skýringa teljast t.d. læknisvottorð og undirritaðar leyfisbeiðnir foreldra.